

Skólastarfið byggir á heildrænni sýn á barnið og miðast við að þroska til jafns líkamlega, sálarlega og andlega þáttinn til að efla með nemendum sjálfstæða hugsun og félagslega ábyrgð og kenna þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umheiminum.

“Educate to be a man, not to one profession.” (Ralph Waldo Emerson).

Foreldrahandbók

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum starfar samkvæmt
viðurkenndri Waldorfskólanámskrá frá Noregi.

Þessi handbók er gerð með það í huga að veita innsýn í stefnu
Waldorfskólanna og þá sérstaklega Waldorfskólans í Lækjarbotnum.

1. útgáfa 2012
2. útgáfa 2014

Efnisyfirlit

Markmið Waldorfskólans í Lækjarbotnum.....	4
Daglegt líf í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum.....	3
Skólareglur.....	4
Viðbrögð við broti á reglum.....	5
Til að styrkja góðan skólabrag.....	5
Heimili og skóli.....	5
Hrynjandi.....	5
Sjónvarp og rafrænir miðlar.....	5
Símanotkun nemenda.....	5
Fatnaður.....	6
Skyldur foreldra gagnvart skólastarfi.....	6
Jólabasar.....	6
Helgarþrif.....	6
Vinnuhelgar.....	7
Opíð hús.....	7
Réttarkaffi.....	7
Foreldrafélagið.....	8
Skólagjöld og uppsögn.....	8
Samskipti milli foreldra og skóla.....	8
Símaskrá.....	8
Vefsiða.....	8
Foreldrahandbók.....	8
Fréttabréf.....	8
Skipulag og stjórnun skólans.....	9
Kennararáð.....	9
Skólaráð.....	10
Samskiptaleiðir foreldra og skóla ef vanda ber að höndum.....	10
Einelti.....	10
Aðgerðaráætlun gegn einelti.....	10
Hvað ber skólanum að gera til að fyrirbyggja einelti?.....	10
Hvernig getur skólinn greint einelti?.....	11
Heilbrigði.....	11
Heilbrigðiseftirlit.....	11
Mannspekilæknir.....	11
Vágestir (lús og njálgur).....	12
Veikindi.....	12
Öryggisdagur.....	12
Matur.....	12
Foreldrafélag.....	13
Hugur.....	14
Hjarta.....	14
Hönd.....	15

MARKMIÐ WALDORFSKÓLANS Í LÆKJARBOTNUM

Eins og stendur í námsskrá Waldorfskólanna, er markmiðið *manneskjan*.

Námsgreinarnar eru *verkfærin* sem eiga að gera *allri* manneskjunni kleift að þroskast; líkamlega, sálarlega og andlega. Það er sameiginlegt verkefni kennara og foreldra að leggja sitt af mörkum í því ferli.

Í skólastarfinu er lögð jöfn áhersla á vitsmunalegan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska nemandans. Með vitsmunþroska er m.a. átt við þjálfun skapandi hugsunar með tilliti til almennrar þekkingar og fræðilegra þátta. Með tilfinningaþroska er m.a. átt við listrænan þroska, siðgæðis- og félagsþroska. Með líkamlegum þroska er m.a. átt við hreyfiþroska, skólun viljans og verklegar leikni. Rík áhersla er á listræna og verklega nálgun í allri kennslu. Reynt er að samtvinna alla þessa þætti þar sem mögulegt er og hafa kennsluna eins fjölbreytta og viðfangsefni og aðstæður bjóða upp á. Leitast er við að ná fram lifandi áhuga nemandans á viðfangsefninu og koma til móts við þarfir og kröfur einstaklingsins. Námsefninu er ætlað að endurspegla það sem barnið er að takast á við í sínum sálarþroska á hverju aldursskeiði og hjálpa því til að finna hamingju og lífsgleði á leið þess til aukins þroska.

Til þess að börn finni hjá sér löngun til að læra og viljakraft til að framkvæma þarf eftirfarandi að vera til staðar:

- Börn þurfa að finna að við sjáum þau, viðurkennum þau eins og þau eru og metum þau að verðleikum. Þau þurfa að finna að þau séu örugg.
- Barnið þarf að upplifa góð tengsl við þá sem annast það og kenna því.
- Barnið þarf að upplifa sig sem hluta af stærra samhengi með ákveðinn tilgang.
- Ennfremur leitast skólinn við að örva áhuga, gleði, sköpun og leik.

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum mismunar engum vegna trúar, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, efnahags- eða stöðu að öðru leyti.

DAGLEGT LÍF Í WALDORFSKÓLANUM Í LÆKJARBOTNUM

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólinn Ylur eru staðsett í fалlegum, grónum dal, umkringdum fjöllum, um 8 km austan við Árbæ í Reykjavík. Þangað koma tæplega sjötíu börn á grunnskólaaldri og um tuttugu börn á leikskólaaldri með skólarútu á degi hverjum.

Í Waldorfskólum er talað um hug, hjarta og hönd og er það skírskotun til viðleitni þeirra til að örva og næra til jafns huga, tilfinningar og vilja.

Listgreinum og verklegum greinum er því gefið mikið rými í dagsskipulaginu, jafnhliða bókleikum greinum.

Dagurinn í skólanum hefst á söng. Allir syngja saman, frá 1. og upp í 10.bekk. Og þegar svo ber undir syngur allur skólinn fyrir afmælisbarnið.

Að lokinni söngstund halda allir til sinnar stofu þar sem morguntíminn byrjar. Í morguntímanum eru ýmis fög kennd t.d. mannkynssaga, landafræði eða eðlisfræði. Þau eru kennd í lotum í morguntímanum í 2-4 vikur og börnin vinna sínar eigin bækur út frá efninu, skrifa og myndskreyta. Eftir það er morgunhressing þar sem boðið er upp á jurttate, lífrænt brauð og álegg. Svo er útitími og frímínútur; leikir, drullukökubakstur og boltaleikir, svo eitthvað sé nefnt. Í Waldorffuppeldisfræðinni er lagt jafnmikið upp úr leik eins og stærðfræði og öðrum námsgreinum.

Eftir frímínútur fylgja svo tungumálin og stærðfræði, ásamt listrænum og verklegum fögum t.d. málun, hrynlist, leiklist, leirlist, tré- og málmsmíðar, tónlist og handavinna. Kennslugreinarnar eru mjög oft samofnar.

Hádegismaturinn er eldaður á staðnum og boðið er upp á lífrænt fæði. Bekkirnir borða saman ásamt kennaranum sínum. Nemendur hjálpa stundum til við uppvask og frágang eftir hádegismatinn, og það er nokkuð sem nýtist manni sannarlega allt lífið, að þekkja eldhússtörfín.

Frímínútur og útitími taka svo við, og að lokum er síðasta kennslustund dagsins runnin upp. Hér eru yngri börnin mikið í frjálsum leik eða listrænum og verklegum greinum eins og bakstri, sögustund eða að lita. Eldri börnin fara í bóklegar greinar, handverk eða listir. Í lok dags fara allir saman heim í rútunni.

SKÓLAREGLUR

Kennarar, nemendur og foreldrar hafa komið sér saman um eftirfarandi reglur:

- Verum jákvæð.
- Sýnum tillitsemi og kurteisi í samskiptum og tókum tillit til hvers annars.
- Einelti á ekki að eiga sér stað.
- Við líðum ekki fordóma af neinu tagi í skólanum.
- Við mætum stundvíslega í tíma.
- Nemendur eiga að taka ábendingum kennara og annars starfsfólks við skólann með opnum hug.
- Ekki er leyfilegt að borða sælgæti eða tyggigúmmí á skólatíma.
- Allir eiga að ganga vel um skólann okkar, jafnt inni sem úti og skilja ekki eftir rusl á víðavangi.
- Við skiljum skó, yfirhafnir, húfur og önnur útiföt eftir í fatahengi.
- Göngum hljóðlega um í matsalnum.
- Á skólatíma er ekki leyfilegt að yfirgefa svæðið nema með sérstöku leyfi.
- Ekki er leyfilegt að stunda snjókast án samþykkis allra sem taka þátt í leiknum.
- Við spilum fótbolta á sérstöku svæði.
- Einungis er leyfilegt að renna sér á sleðum sunnan megin við Rauða húsið.
- Notkun síma, ipod eða annarra rafeindatóla og tækja er ekki leyfileg á skólatíma

eða í skólaferðum.

Viðbrögð við broti á reglum

Leitast er við að finna lausnir í sameiningu með nemendum, foreldrum og forráðamönnum.

Til að styrkja góðan skólabrag

- Fara skal yfir skipulags- og samverureglur með nemendum tvisvar á ári, í ágúst og janúar.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum í leik og starfi inni og úti.
- Stuðla jafnframt að því að það nái þvert á bekkjardeildir.
- Setja vinnu í og með nemendaráði í forgang.
- Hafa stuðningsaðila fyrir alla nýja nemendur við skólann.

HEIMILI OG SKÓLI

Hrynjandi

Í skólanum er lögð mikil áhersla á ákveðna hrynjandi í deginum, vikunni og árinu. Líðan barnanna veltur einnig mikið á því hve vel er hlúð að þessari hrynjandi heimavið. Það veitir þeim öryggiskennd og aukinn lífskraft að flestar athafnir séu í föstum skorðum. Þau þurfa að fara snemma að sofa og einnig er gott að þau borði á sama tíma á kvöldin. Jafnframt er mikilvægt að gefa sér góðan tíma fyrir morgunmatinn.

Sjónvarp og rafrænir miðlar

Við fullorðna fólkið þurfum að hafa það í huga almennt hvað er raunveruleg næring fyrir hinn innri og ytri mann. Við viljum öll að börnin okkar verði skapandi, fær í félagslegum samskiptum, læri að þekkja sig sjálf og verði virk í heiminum. Enn fremur að þau öðlist trú á framtíðina og búi yfir jákvæðum innri myndum. Sjónvarp og aðrir rafrænir miðlar hafa tilhneigingu til að einangra einstaklinginn. Samskiptin minnka verulega þegar fólk situr með íþoda, gsm síma o.s.frv. Enn fremur er margt í boði sem okkur finnst ekki þjóna innra lífi barnanna okkar. Skólinn leitast við það að takmarka þetta áreiti til að mannlegu þættirnir fái að þroskast og dafna. Við viljum biðja ykkur foreldra að huga einnig að þessu. Í þessu samhengi hefur sjónvarp ekki góð áhrif á börn. Þau eru enn á viðkvæmu mótunarskeiði og geta ekki unnið úr sjónrænum áreitum. Best er að þau horfi ekki á sjónvarp, en annars mælum við með því að hafa það í algjöru lágmarki. Og að þau horfi aldrei ein á sjónvarp. Allar stundir sem barnið vakir eru dýrmæt tækifæri til samskipta við sína nánustu og stund til að uppgötva heiminn eins og hann er. Sjónvarp rænir frá þeim þessum tíma.

Símanotkun nemenda

Nemendum er ekki heimilt að nota skólasímann nema með leyfi frá bekkjarkennara. Skólasíminn er aðallega til notkunar fyrir skólastarfið. Vinsamlega reynið að ganga frá ferðatilhögun barnsins, heimsóknnum til annarra skólafélaga eða læknisferðum með það

miklum fyrirvara að barnið viti áður en það kemur í skólann hvert það er að fara. Farsímanotkun nemenda er ekki heimil á skólatíma, í rútunni og í skólaferðum.

Fatnaður

Á mánudögum koma börnin með föt fyrir vikuna. Gott er að hafa þau í stórum poka sem rúmar öll fötin. Ef föt barnanna blotna þá sendum við þau heim samdægurs og þurfa þau að koma með þurr föt aftur í skólann. Á föstudögum fer pokinn heim.

Við lifum sterkt með í veðuröflunum hér í Lækjarbotnum. Það er því aldrei of oft sagt að börnin þurfa að vera vel búin. Alltaf að klæðast innst í hlýjar síðar nærbuxur og langerma nærboli úr ull eða silki. Þetta er mjög mikilvægt, sérstaklega fyrir yngri nemendur þar sem öll líffæri þeirra eru ennþá að stækka og lífskraftarnir að byggjast upp til seinni ára.

Í töskunni væri gott að sjá: Stígvél, regngalla og ef til vill pollavettlinga, úlpu og góða skó, snjógalla og hlýja peysu, aukaföt (nærföt, síðar nærbuxur, 2-3 pör af sokkum, buxur, langermabol), vettlinga, ullarsokka, húfu, lambhúshettu, trefil...

SKYLDUR FORELDRA GAGNVART SKÓLASTARFI

Waldorfskólinn krefst meiri þátttöku frá hendi foreldra heldur en hinn almenni grunnskóli gerir ráð fyrir. Foreldrar styðja þannig við skólagöngu barnsins og stuðla að uppbyggingu skólans og einnig eru gríðarleg gæði í því að barnið skynjar að foreldri þess hafi átt hlut að verki og það markar spor í daglegu skólalífi þess. Auk þátttöku á öllum skóla- og bekkjarfundum og foreldraviðtölum þá veitir eftirfarandi listi innsýn í hvað er ætlast til að foreldrar taki þátt í.

Jólabasar

Jólabasarinn eða nóvemberhátíðin er hefðbundin hjá Waldorfskólum víða um heim og er mjög mikilvæg tekjulind fyrir skólann. Þetta er stór hátíð sem krefst mikils undirbúnings og ein af skyldum foreldra við skólann er að taka þátt í undirbúningnum með þátttöku í ýmis konar vinnu við gerð handverks sem er til sölu á basarum. Að auki þurfa svo foreldrar á sjálfum basardeginum að skipta með sér vöktum, taka þátt í undirbúningi og frágangi húsnæðis og einnig að taka þátt í kynningarstarfi. Foreldrar leggja til brauðmeti/kökur í kaffisölu og pakka sem fara í veiðitjörnina. Basarnefnd heldur utan um hátíðina alla, sem og undirbúninginn og í henni sitja fulltrúar skólans, leikskólans og foreldra. Í byrjun haustannar er auglýst dagskrá þar sem foreldrar skrá þátttöku sína og geta flestir fundið eitthvað sem hentar þeirra reynslu og getu. Áhugi er allt sem þarf!

Helgarþrif

Handarhópur foreldrafélagsins heldur utan um allt er varðar helgarþrif skólans en skólinn útvegar öll þrifáhöld. Sú ábyrgð hvílir á herðum foreldra að húsnæði skólans sé þrifið reglulega. Oftast sjá foreldrar um þrif í kennslustofu barna sinna. Þrifalisti er settur upp á foreldrahluta vefsíðunnar. Nýr listi er settur upp á hverri önn þar sem skipulagt er hvaða helgar viðkomandi foreldrar þurfa að þrifa.

Fjórar fjölskyldur sjá um helgarþrifin hverju sinni og á hver fjölskylda fyrirfram ákveðið svæði, samkvæmt töflu hér að ofan.

Í hverju húsi eru áhöld og verklýsing.

- Í rauða húsinu eru áhöld í þrifkompunni við hliðina á klósettinu, leikskóla-megin í húsinu.
- Í græna húsinu eru áhöld í þrifkompu (önnur hurð til vinstri).
- Í ljósbláa húsinu eru áhöld í kennslustofu til hægri.
- Í dökkbláa húsinu eru áhöld innaf kennslustofunni, hurð hægra megin.

Lykill er undir dökkbláa húsi að aftanverðu, hægra megin (aftan við gulu spýtuna) sem gengur að öllum hurðum, munið að hengja hann aftur á sinn stað. Lykillinn er festur á keðju!

Mjög mikilvægt er að vera vakandi fyrir þeim helgum sem þið eruð skrifuð á og ef þið af einhverjum ástæðum sjáið ykkur ekki fært að mæta að finna lausn innan foreldrahópsins. Það er yfirleitt auðvelt að skipta innbyrðis. Höfum það í huga að börnin þurfa að koma að hreinum húsum í byrjun skólaviku. Allar ábendingar eru vel þegnar ef einhverju er ábótavant og/eða þið hafið tillögur varðandi þrif og aðstöðu. Hægt er að koma því áleiðis á netfang skólans eða til handarhópsins. Skólinn vill einnig benda foreldrum á, að gefnu tilefni, að það er ekki í boði að senda eldri börn í þrif í stað foreldra.

Vinnuhelgar

Vinnuhelgar eru tvisvar á ári og eru mjög mikilvægur félagslegur viðburður í skólaárinu þar sem öll fjölskyldan kemur og hittir aðrar fjölskyldur. Þar á sér stað viðhald innan- og utandyra og betrubætur. Á vinnuhelgum hefur einnig verið skiptimarkaður foreldra á fötum, kvöldvökur og fleiri góðar hugmyndir sem komið hafa upp. Þau störf sem inna þarf af hendi eru auglýst með 2 vikna fyrirvara og hvert foreldri er ábyrgt fyrir að skrá sig á eitt eða fleiri störf. Vinnuhelgin er skipulögð af fulltrúum foreldra í Handarhóp og fulltrúum starfsfólks skólans.

Opið hús

Á vorin er opið hús í Lækjarbotnum. Opið hús er kynning fyrir nýja foreldra sem hafa hug á því að kynna sér uppeldisfræðina og aðstæður hér í Lækjarbotnum. Kaffisala er í höndum eldri bekkja og tekjurnar af sölunni fara í ferðasjóð bekkjanna. Foreldrafélagið hefur verið með kynningu á sínum vegum og foreldrar hafa tekið virkan þátt með leiðsögn um svæðið.

Réttarkaffi

Að hausti er réttað í Fossvallarétt við Lækjarbotna og hefur einn bekkur skólans ásamt foreldrum tekið það að sér að vera með réttarkaffi fyrir gesti og gangandi til ágóða fyrir bekkjarsjóð. Kaffihúsið er sett upp fyrir utan réttina sem er staðsett rétt við afleggjarann inn að Lækjarbotnum.

Foreldrafélagið

Virkt foreldrafélag er mikilvægur hluti af því að gera skólann að besta mögulega stað sem hægt er. Við hvetjum hverja fjölskyldu til að leggja fram krafta sína í foreldrafélagið, í hið minnsta eitt ár meðan á skólagöngu barnsins stendur og verða þannig hluti af þessu spennandi ferli. Því fleiri sem leggja félaginu lið, því betra fyrir skólann. Margar hendur vinna létt verk.

Skólagjöld og uppsögn

Skólagjöld eru greidd til skólans mánaðarlega í 11 mánuði á ári. Greiðsluseðlar eru sendir út í heimabanka. Þessum gjöldum er ætlað að greiða fyrir fæði og rútuferðir nemenda. Vangoldin skólagjöld eru innheimt með formlegum hætti.

Formlegur uppsagnarfrestur er 1 mánuður. Tilkynna skal skriflega til skólans með eins mánaðar fyrirvara og miðað er við 1. hvers mánaðar. Þessi uppsagnartími er ekki hvað síst mikilvægur til að börnunum gefist tími til að kveðjast.

SAMSKIPTI MILLI SKÓLA OG FORELDRA

Símaskrá

Í upphafi hverrar annar sendir skólinn út símaskrá með nöfnum nemenda, foreldra og starfsfólki skólans ásamt símanúmerum og netföngum. Einnig er þar hægt að nálgast önnur mikilvæg símanúmer sem tengd eru skólanum. Þessi símaskrá er á foreldrahluta vefsíðu skólans.

Vefsíða

Hluti af vefsíðunni er lokaður og aðgangur eingöngu fyrir foreldra. Þessi hluti er reglulega uppfærður með viðeigandi hagnýtum upplýsingum eins og þrífalista og símaskrá sem og fundargerðum foreldrafélagsins.

Foreldrahandbók

Foreldrahandbók er gefin út til þess að veita foreldrum og þá sérstaklega nýjum foreldrum innsýn í starf Waldorfskólans í Lækjarbotnum. Þessi handbók er til fyrir alla foreldra og geta þeir sótt bókina á foreldrahluta vefsíðu skólans. Handbókin verður uppfærð eftir því sem upplýsingar bætast við og breytast.

Fréttabréf

Til þess að gefa foreldrum innsýn í daglegt líf bekkjarins og einnig skólans í heild þá eru sendir út fréttapistlar.

Bekkjarfréttir: stuttur tölvupóstur er sendur út af bekkjarkennara með jöfnu millibili til þess að leyfa foreldrum að fylgjast með hvað er í gangi hverju sinni hjá bekknum. Þetta gefur mikilvæga innsýn í daglegt líf bekkjarins.

Örfréttir: skólinn sendir út mánaðarlega örfréttir yfir það sem er í gangi hverju sinni í

skólanum.

SKIPULAG OG STJÓRNUN SKÓLANS

Waldorffuppeldisfræðin kom fram í Þýskalandi snemma á síðustu öld. Fljótlega upp úr því risu skólar víða á meginlandinu og á Norðurlöndum. Hér á landi varð fyrsta reglulega skólustarfið til upp úr 1990 og hefur frá upphafi byggt á framtaki þeirra einstaklinga sem þar starfa á hverjum tíma. Rekstur Waldorfskólans í Lækjarbotnum hvílir á framlagi sveitarfélaga með hverju barni ásamt foreldragjöldum. Mestur hluti þessara tekna fer í launakostnað. Ytri uppbygging hefur orðið í gegnum sjálfboðavinnu, gjafir, framlög og áheit, basar og lánaðan húsakost. Starfsemin á sér engan fjárhagslegan bakhjarl né rétt gagnvart hinu opinbera til að mæta áföllum eða breyttum rekstrarforsendum. Starfsfólk skólans undirbýr sameiginlega hvert skólaár út frá rekstrarforsendum sem fjöldi nemenda hverju sinni kallar á.

Áhersla er lögð á að jafnræði ríki á meðal starfsmanna, að hver einstaklingur sé virkur og eigi kost á að móta starfið. Stjórnarfyrikomulagið er svokölluð flöt stjórnun. Sameiginlegar ákvarðanir eru teknar á starfsmannafundum og er hver einstaklingur samábyrgur fyrir því starfi sem fram fer í skólanum. Ávallt er leitast við að einhugur ríki um málefni, sem geta verið af ýmsum toga. Í upphafi skólaárs er skipað í nefndir sem vinna með og móta ákveðin málefni, sem síðan eru lögð fyrir starfsmannafund. Ábyrgðarsviðin eru mörg og þeim skipt niður meðal starfsfólks eftir þekkingu, reynslu og getu hvers og eins. Verksvið eins og fjármál og samskipti við skólanefnd eru í höndum sömu einstaklinga frá ári til árs.

Ákvarðanir eru teknar af kennararáði skólans sem allir fastráðnir starfsmenn eiga setu í.

Auk þess hittast nefndir og vinnuhópar eftir þörfum. Þverfaglegir fundir um einstaka bekki eða nemendur eru einnig haldnir eftir þörfum.

Kennararáð

Allir fastráðnir kennarar og starfsfólk skólans mynda saman kennararáð sem fundar reglulega, yfirleitt á fimmtudögum kl. 16-19. Þar er sérstaklega fjallað um innra starf skólans og uppeldisstarfið er mótað. Ráðið hefur einnig umsjón með samskiptum við yfirvöld, símenntun starfsfólks, húsakost á staðnum, ytra skipulag staðarins, starfsmannaráðningar, og flest það er snertir almennan rekstur skólans. Fundarstjóri og ritari gera fundardagskrá og hafa yfirsýn yfir hvað er framundan og um hvað þarf að fjalla. Í skólanum fer fram stöðugt endurmat, allan ársins hring.

Starfsmannafundir og starfsdagar eru vettvangur fyrir virkt símat. Það er fastur liður á hverjum fundi að horfa um öxl og ræða um það hvernig til tókst og hvað mætti betur fara. Einnig innihalda fundirnir barnaathugun, þar sem horft er á ákveðna þætti í fari barnsins á óhlutdrægan hátt út frá ákveðnu ferli.

Kennararáðið deilir innbyrðis með sér ábyrgðarsviðum. Inni á vefsíðu skólans, foreldrahluta, er hægt að sjá hvernig ábyrgðarsviðin skiptast á milli starfsfólks.

Skólaráð

Skólaráð Waldorfskólans hittist reglulega yfir skólaárið. Í skólaráði sitja formaður foreldrafélags, oddvitar úr foreldrafélagi (hugur, hjarta og hönd), 2 fulltrúar kennara, 1 fyrir hönd starfsfólks, fulltrúi nærsamfélags og þar sem það á við - fulltrúi nemendaráðs. Þarna sameinast ólíkir hópar með sameiginlegt markmið, þ.e. velferð skólans og þarna er sá vettvangur sem allir geta komið málefnum á framfæri og látið skoðun sína í ljós.

SAMSKIPTALEIÐIR FORELDRA OG SKÓLA EF VANDA BER AÐ HÖNDUM

Ef vanda ber að höndum er fyrirfram ákveðin samskiptaleið innan skólans í boði. Það er góð almenn regla að tala við fólk en ekki um fólk. Með það í huga þá mælum við með að:

1. Hafa samband við kennara eða þann aðila sem hlut á að máli.
2. Tala við fulltrúa starfsfólks (2 einstaklingar) sem fara með samskiptamál foreldra innan skólans. Ef vandinn snýr að öðrum hvorum þeirra eða báðum þá er best að tala við stjórn foreldrafélagsins. Hægt er að nálgast upplýsingar um nöfn þeirra sem sinna þessu hlutverki með því að senda inn fyrirspurn um nöfn á netfang skólans. Einnig er hægt að sjá nöfnin í vor og haustannarbæklingi skólans.
3. Ræða málið á fundi kennararáðs.
4. Náist ekki að leysa vandann eftir einhverjum af þeim leiðum sem eru nefndar hér að ofan er hægt að snúa sér til skólaráðs.

Á döfinni er að fá trúnaðarmann fyrir foreldra og kennara sem á að vera óháður aðili. Einstaklingur sem er faglærður í samskiptum og óháður aðili.

Einelti

- Allir nemendur skólans eiga að búa við öruggt skóla- og bekkjarumhverfi án eineltis.
- Með einelti er átt við sálrænt og/eða líkamlegt ofbeldi sem beint er að öðrum, framkvæmt af einstaklingum eða hópum.
- Forsenda eineltis er yfirleitt ójöfn staða hvað varðar styrk. Að öllu jöfnu er skilgreiningin einelti notuð þegar athæfi/áreiti á sér stað endurtekið um tíma. Einstakt atvik gagnvart nemanda getur líka haft einkenni eineltis.

AÐGERÐARÁÆTLUN GEGN EINELTI

Hvað ber skólanum að gera til að fyrirbyggja einelti?

- Fullorðnir sýni skýra afstöðu að einelti sé ekki liðið.
- Vinna með margvíslegum hætti með kennurum og nemendum um þemað einelti
- Leitumst við að hafa nána samvinnu milli skóla og heimila.
- Hafa góðar eftirlitsvenjur úti og inni, sem krefst náinnar samvinnu milli kennara.

Hvernig getur skólinn greint einelti?

Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir atferli eða mynstri í bekkjum eða nemendahópum sem víkur frá því sem við teljum eðlilegt. Þetta getur verið:

- Nemendur sem alltaf eru til hliðar í nemendahópnum.
- Nemendur sem eru mikið einir á ferðinni.
- Nemendur sem koma oft seint í tíma.
- Nemendur sem leita augljóslega mikið í samskipti við fullorðna.
- Nemendur sem veigra sér við því að fara út í frímínútur.
- Nemendur með mikla fjarveru.
- Nemendur sem kvarta oft undan magaverk, höfuðverk eða þess háttar.

Bekkjarkennari hefur samband við forráðamenn ef hann álitur að nemandi líði ekki vel eða eigi í einhverjum erfiðleikum.

Kennarar þurfa að vera ábyrgir, athugulir og virkir, bæði í inni- og útiúmhverfi skólans.

Allir nemendur eru á ábyrgð allra kennara.

Könnun verður gerð meðal nemenda með reglulegu millibili er varðar líðan þeirra.

HEILBRIGÐI

Heilbrigðiseftirlit

Heilsugæslan í Salarhverfi sinnir lögbundnu heilbrigðiseftirliti fyrir Waldorfskólann. Árlega koma þá hjúkrunarfræðingar og hitta börn í 1., 4., 7. og 9. bekk skólans til að sinna mælingum á vexti og þroska. Einnig er gerð hefðbundin skimun með sjón-, lit- og heyrnarmælingum (sjá nánari upplýsingar á salus.is).

Heilsugæslan sinnir einnig bólusetningum hjá börnunum í skólanum en foreldrum er sendur póstur þar sem þeim er boðið upp á bólusetninguna en það er í valdi hvers foreldris hvort að það þiggur þá bólusetningu sem við á. Bólusetningin fer **ekki** fram í skólanum heldur á heilsugæslustöðinni.

Yfirleitt koma hjúkrunarfræðingar í skólann með nokkurra daga fyrirvara og sendir skólinn þá út póst þess efnis.

Mannspekilæknir

Tvisvar að vetri hefur skólinn staðið fyrir því að fá hingað til lands mannspekilækni Aart van der Stel. Mannspekilæknar eru menntaðir í grunninn eins og hefðbundnir læknar en hafa bætt við sig menntun í mannspekilækningum. Aart hefur verið að vinna með starfsfólki skólans en foreldrum hefur einnig gefist kostur á að fá einkatíma hjá honum og ennfremur þá hefur hann verið með fyrirlestur í heimsóknnum sínum sem hefur reynst foreldrum gagnlegur.

Vágestir (lús og njálgur)

Á hverjum vetri koma yfirleitt upp einhver tilfelli af lús og/eða njálg. Foreldrar eru beðnir að virða það að senda ekki börnin í skólann fyrr en búið er að grípa til ráðstafana. Foreldrum ber einnig skylda til að láta viðkomandi bekkjarkennara vita eins fljótt og auðið er. Að sjálfsögðu er farið með upplýsingarnar af kostgæfni. Skólinn gefur ekki út leiðbeiningar varðandi meðferð en hægt er að sjá upplýsingar um meðferð inni á salus.is. Skólinn sendir út póst til allra ef vart verður við gestina en ef um lús er að ræða þá hvetjum við foreldra til þess að kemba börnin og fylgjast vel með nitum í nokkra daga.

Veikindi

Ef um veikindi barns er að ræða þá ber foreldrum að tilkynna það í síma skólans 587 4499 á milli kl. 8:30-9:00.

Öryggisdagur

Árlega er haldinn öryggisdagur skólans og leikskólan. Þar gefst tækifæri til að yfirfara og minna okkur á ýmsar reglur og starfshætti ef hættu ber að höndum. Sérstök nefnd (öryggisnefnd) heldur utan um þennan dag og eiga bæði foreldrar og starfsfólk sæti í henni.

MATUR

Í skólanum er boðið upp á fjölbreytt og næringarríkt fæði. Við leggjum áherslu á að það sé lífrænt ræktað græn- og kornmeti í boði. Matseðill skólans er breytilegur eftir árstíðum og fylgir líka framboði hverju sinni. Skólinn á sinn eigin matjurtagarð, jurta- og ávaxtagarð og berjabrekkur. Á vorin sjá nemendur um að setja niður í garðana og hlúa að og að hausti uppskerum við ríkulega. Börnin koma því í skólann í ágúst og allt fram í október erum við að njóta uppskerunnar. Einnig fáum við beint frá bændum grænmeti sem við búum að yfir veturinn. Aðaluppistaða matseðils skólans er grænmetisfæði en á ákveðnum hátíðum breytum við til og þá er boðið upp á kjöt (drekaleikur, jólamatur, þorrablot, sprengidagur).

Við setjum fram grunnmatseðil fyrir vikuna en eins og áður er sagt þá tekur hann viðmið af framboði hverju sinni og áskiljum við okkur allan rétt til þess að breyta.

Morgunhressing: lífrænt brauð frá Brauðhúsinu, smjör, álegg og jurtate

Mánudagur: hýðishrísgrjónagrautur með lífrænni mjólk, kanil og rúsínum og/eða karrísósu og rôtargrænmeti.

Þriðjudagur: pasta með sósu (tómata- og gulrótasósa), ostur, ferskt grænmeti.

Miðvikudagur: grænmeti og korn (hirsí, quinoa, cous cous, hrísgrjón), þriðju hverja viku er fiskur.

Fimmtudagur: grænmetissúpa að hætti kokksins og brauðbollur bakaðar af yngri bekkjum skólans.

Föstudagur: grænmetisbökur / buff með korni og fersku eða ofnsteiktu grænmeti. Alla jafna fær einn bekkur skólans að fara í pizzugerð í skemmumni á föstudögum.

FORELDRAFÉLAG

Grunnskólalögin kveða á um að í öllum skólum skuli vera foreldrafélag og foreldraráð. Í litlum skólum er þetta tvennt oft samofið, eins og í tilfelli Lækjarbotna. Allir foreldrar eru sjálfkrafa félagar í foreldrafélaginu og á aðalfundi þess á haustin geta foreldrar sóst eftir að komast í hópa eða stjórn félagsins.

Foreldrafélagið var endurvakið í kringum 2008. Foreldrar hófu starfsemi foreldrafélagsins með það að markmiði að létta á vinnu kennarana svo þeir gætu einbeitt sér að mikilvægasta hlutanum, börnunum okkar. Byrjað var á því að útbúa lög foreldrafélagsins samkvæmt reglugerðum stjórnvalda. Lögin er hægt að nálgast á vefsíðu skólans.

Hér má sjá útdrátt úr lögunum:

3. gr.

Markmið félagsins er að:

Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.

Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.

Styðja við starfsemi skólans, t.d. með skólaþrifum, vinnuhelgum, jólabasar og opnu húsi

Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Styðja við og efla þá hugmynda- og uppeldisfræði sem viðhefst í Waldorfskólum og hafa hana ávallt að leiðarljósi í atriðum er varða skólastarfið í heild sinni.

4. gr.

Til þess að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.

Vera tengiliður milli skóla og foreldra/forráðamanna.

Koma áleiðis upplýsingum frá skóla til foreldra/forráðamanna sem varða skólastarfið.

Starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setja um grunnskóla og þekkjast í öðrum Waldorfskólum.

Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólann.

Að skapa vettvang til samræðna og uppbyggilegrar gagnrýni á milli foreldra/forráðamanna og kennara varðandi t.d. einelti, slys og óviðeigandi hegðunar foreldra og kennara með því markmiði að veita aðhald og stuðla að

heilbrigðum og opnum samskiptum.

Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans til dæmis með starfi í foreldraráði og með því leitast við að stunda þá fyrirlestra og uppfræðslu sem skólinn býður foreldrum upp á hverju sinni.

Styðja við félags- og tómsundastarf nemenda í skólanum.

Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög í Waldorfskólum og samtökum foreldra, t.d. Alþjóðlegum Waldorfskólasamtökum.

Skipa bekkjarfulltrúa í hverja bekkjardeild sem situr í foreldrafélaginu.

Einnig er það mikilvægt verkefni félagsins að vinna að ýmsum ferlum og úrræðum sem varða mismunandi mál sem kunna að koma upp í starfsemi skólans og í samskiptum kennara og foreldra.

Samkvæmt lögum skólans eru embætti stjórnar eftirfarandi:

Formaður: talsmaður foreldrafélagsins. Sér um samskipti við foreldra, kennararáð og samfélagið út á við fyrir hönd félagsins. Formaður flytur skýrslu stjórnar á aðalfundi foreldrafélagsins.

Varaformaður: boðar stjórnarfundi og tekur við hlutverki formanns ef hann/hún forfallast.

Gjaldkeri: hefur umsjón með bankareikningi og sér um innheimtu gjalda. Leggur fram reikninga á aðalfundi foreldrafélagsins.

Ritari: ritar fundi og heldur utan um fundargerðir. Sér um tölvusamskipti frá foreldrafélagi til foreldra í skólanum varðandi fundi og aðra viðburði tengda skólanum.

Meðstjórnendur(oddvitar foreldrafélagsins): skipta með sér öðrum verkum og styðja við hin embættin eins og þurfa þykir.

Formaður og oddvitar eru meðlimir í skólaráði.

Árið 2011 voru þrjú vinnuhópar foreldrafélagsins stofnaðir – Hugur, Hjarta, Hönd – hver með sínar áherslur. Oddvitar foreldrafélagsins leiða hvern þessara hópa, sem hittast einu sinni í mánuði. Á 6-8 vikna fresti hittist stjórn foreldrafélagsins til að vinna að málefnum sínum auk þess að stilla saman strengi með vinnuhópunum.

Hugur

Hugur einbeitir sér að skýrum samskiptaleiðum foreldra, skóla og barna. Stendur m.a. fyrir fyrirlestrum og fræðslu af ýmsum toga, fer með nemendaverndarmál og styður við nemendaráð. Tekur þátt í gerð foreldrahandbókar.

Hjarta

Hjartað er hlýjan í starfsemi foreldrafélagsins. Það einbeitir sér að því að byggja upp samfélagið með það fyrir augum að rækta vináttu, gestrisni og þakklæti. Hjartað sér um að bjóða nýja foreldra formlega velkomna í samfélagið og hjálpar til við skipulagningu á hátíðum og samkomum yfir árið þar með talið jólabasarinn, opið hús og samverustund foreldra.

Hönd

Höndin beinir kröftum sínum að umhverfi skólans. Hún vinnur að því að viðhalda mannvirkjum á skólalóðinni, að fegra umhverfið og að tryggja öryggi nemenda og kennara. Handarhópurinn sér m. a. um að: skipuleggja viðhald á skólahúsnæðinu, þróa útileiksvæði, fegra umhverfið m.a. með skógrækt, skipuleggja vinnuhelgar og helgarþrif. Einnig að fylgja eftir vinnu þar sem ýtt er á skipulagsyfirvöld Kópavogs að staðfesta skólafseminu í Lækjarbotnum í aðalskipulagi til framtíðar.

Allir hópar eru opnir þeim foreldrum sem hafa hug á að starfa með foreldrafélaginu.